

# Betur má ef duga skal!



Þrátt fyrir að í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar 2018 og næstu þriggja ára þar á eftir séu mörg góð verkefni sem fá brautargengi og tryggt fjármagn svo hægt sé að ráðast í þau eru líka veigamikil málefni og verkefni sem hljóta ekki þann sess í áætluninni sem þeim ber. Þar er m.a. um að ræða þá lágu fjárhæð sem ætluð er til að undirbúa uppbyggingu leikskóla í Suðurbæ. Það er ljóst að við í minnihlutanum hefðum viljað sjá markvissari skref stigin strax á næsta ári til uppbyggingar á þeirri mikilvægu þjónustu í Suðurbæ. Að ætla 2,5 milljónir til þessa undirbúnings á næsta ári er langt frá því að vera ásættanlegt.

Eins er ekki hægt að líta fram hjá því að við í minnihlutanum í umhverfis- og framkvæmdaráði hefðum kosið að markvissari skref hefðu verið stigin í að íbúar hefðu raunveruleg áhrif á framkvæmdir í sínu nærumhverfi með samræðu og tillögum á grundvelli aukins íbúalýðræðis líkt og gerist í nágrennasveitarfélögum okkar og hefur gefið góða raun. Að áætla 10 milljónir í þetta verkefni á næsta ári og svo 15 milljónir á ári næstu þrjú árin er langt frá því að vera ásættanlegt.

Svo ekki sé minnst á þann sess sem aðgerðir í umhverfismálum í sveitarfélaginu hljóta í þessari fjárhagsáætlun. Það er ljóst að þar hefði þurft að bæta í umtalsverðu fjármagni svo m.a. hefði mátt koma þeirri metnaðarfullu umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar sem verið hefur í undirbúningi undanfarin misseri í markvissa framkvæmd strax á næsta ári. Með samþykkt þessarar fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn þann 6. desember síðastliðinn er hætta á að sú stefna sem nú liggur fyrir og bíður afgreiðslu í bæjarstjórn verði ekkert annað en fallett plagg og lítið annað. Við það er ekki hægt að una.

Að þessu leyti veldur nýsamþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 og til næstu þriggja ára þar á eftir talsverðum vonbrigðum. Við í minnihlutanum munum halda áfram baráttu okkar fyrir því að mikilvæg verkefni líkt og þau sem nefnd eru hér að ofan fái betra brautargengi á næstu árum, íbúum Hafnarfjarðar til heilla.

*Höfundur er varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og á sæti í umhverfis- og framkvæmdaráði.*